

# 298. fundur Skólanefndar FS

## 10. nóvember 2009



**Mættir:** Kristbjörn Albertsson formaður, Ingimundur Þ. Guðnason, Oddný Harðardóttir, Fanney D. Halldórsdóttir, Hjálmar Árnason, áheyrnarfulltrúarnir Ægir Karl Ægisson, Sigfús Jóhann Árnason og María Magnúsdóttir og Kristján Ásmundsson skólameistari.

Formaður setti fund og síðan var gengið til dagskrár.

- Dagskrá:**
1. Stefnumörkun.
  2. Skólasamningur.
  3. Skólagjöld.
  4. Önnur mál.

### 1. Stefnumörkun.

Skólameistari sagði frá því að skólanum er ætlað að skera niður um 15,4 milljónir á næsta ári. Ljóst er að þetta hefur áhrif á stefnumörkun í starfi skólans en þar átti m.a. að leggja áherslu á að minnka brottfall enn frekar og auka námsframboð. Verið er að vinna að undirbúningi nýrrar námskrár en þar er gert ráð fyrir að stúdentsnám taki þrjú og hálf ár og að styttri námsbrautum verði fjölgað. Einnig þarf að ákveða hvort skólinn styður áfram Fisktækniskólann og GeoCamp Iceland. Í stefnumörkuninni þarf einnig að ákveða hve marga nemendur á að innrita um áramót og hvort grundvöllur er fyrir starfsemi kvöldskóla og þjónustu við 10. bekkinga miðað við fjárveitingar.

### 2. Skólasamningur.

Verið er að vinna fyrstu drög að nýjum skólasamningi sem verður undirritaður í janúar.


### 3. Skólagjöld.

Skólameistari sagði frá því að skólar hafa fengið heimild til að hækka innritunargjöld. Skólanefnd samþykkir að innritunargjöld hækki úr 4250 kr. í 6000 kr. eins og heimildin leyfir.

### 4. Önnur mál.

a) Spurt um útilistaverk eftir Sigurð Guðmundsson sem hefur verið á hrakhólum eftir að bílastæði var stækkað við skólann. Skólameistari svaraði því til að verkið verður staðsett fyrir ofan Holtaskóla.

Fleira ekki gert og fundi slitið.

  
Guðmann Kristþórsson,  
fundarritari